

**Hagsmunasamtök
Heimilanna**



Verðtryggingin bíður dóms

Með lögum skal land byggja - en með ólögum eyða

Borgarafundur - Háskólabíó 24. febrúar kl. 20:00-22:00

Tónlist: Magnús Þór Sigmundsson

Frummælendur og pallborð:

Vilhjálmur Bjarnason ekki fjárfestir, formaður HH

Jacky Mallett, Vitvélastofnun Íslands

Marínó G. Njálsson, tölvunarfræðingur

Þórður Heimir Sveinsson, lögmaður HH

Aðalsteinn Sigurðsson, lögfræðingur

Vilhjálmur Birgisson, formaður VLFA

Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur

Boðið en þáðu ekki:

Ólöf Nordal, innanríkisráðherra

Eygló Harðardóttir, félags og húsnæðismálaráðherra

Fundarefni:

Fundarefnið er verðtrygging neytendalána, en samtökin hafa frá upphafi barist fyrir afnámi hennar. Árið 2012 var svo höfðað til dómsmáls fyrir tilstilli samtakanna í því skyni að láta reyna á lögmæti kynningar heildarlántökukostnaðar verðtryggðra neytendalána. Eftir að hafa þurft að feta langar krókaleiðir gegnum dómskerfið fékkst mál þetta loks flutt fyrir fjölskipuðum Héraðsdómi Reykjavíkur þann 5. janúar 2015 og dómur kveðinn upp 6. febrúar.

Þrátt fyrir að héraðsdómur hafi fallist á það meginsjónarmið í málinu að lög um neytendalán hafi verið brotin við lánveitinguna, voru ekki dæmd nein viðurlög við því. Málinu verður nú áfrýjað til Hæstaréttar Íslands, og má búast við að nokkrir mánuðir líði áður en endanlega niðurstaða fæst. Rétt er þó að benda á þá sigra sem unnist hafa nú þegar, svo sem álit EFTA-dómstólsins og ákvörðun Neytendastofu um sama álitaefni. Viðurkenning héraðsdóms þann 6. febrúar á brotum gegn lögum um neytendalán er jafnframt stórsigur fyrir neytendur.

Á þessum tímamótum er við hæfi að kynna stöðu málsins og framvindu þess fyrir almenningi og er því boðað til þessa borgarafundar. Fundurinn er öllum opinn, jafnt félagsmönnum HH sem öðrum, en við viljum minna á að sameinuð erum við ósigrandi. Við hvetjum því alla til að skrá sig í Hagsmunasamtök heimilanna á fundinum sjálfum eða á heimasíðu HH heimilin.is

Meðal baráttumála HH gegnum tíðina hefur verið að fá dóma um ólögmæti gengislánanna svokölluðu sem nú er að hluta búið af klára og við teljum að ganga þurfi ennþá lengra og verður áfram unnið að því.

Baráttan gegn verðtryggingunni hefur tekið mikinn tíma og afl frá okkur en það mun koma endanlegur sigur fyrir heimilin í landinu, ef ekki fyrir Hæstarétti þá fyrir erlendum dómstólum. Því miður mun það þýða að þá verður íslenska ríkið orðið skaðabótaskyldt. HH hafa alltaf barist fyrir því að það sem fjármálafyrirtækin hafa tekið ólöglega af fólki endurgreiðist úr uppgjörinu á milli gömlu og nýju bankanna. Sýnt hefur verið fram á að þeir hafi fengið lánasöfnin með afslætti en hafa hingað til rukkað heimilin að fullum þunga þrátt fyrir það.

Að auki þarf að stöðva allar nauðungarsölur á heimilum fólks og gjaldþrot einstaklinga á grundvelli verðtryggðra lána meðan beðið er dóms Hæstaréttar. Einnig þarf í framhaldinu að setja ný lög um endurupptöku gjaldþrota- og nauðungarsölumála sem farið hafa fram á grundvelli ólögmætra lánasamninga.

Tillaga að ályktun fundarins: “Borgarafundur haldinn í Háskólabíói 24. febrúar 2015 beinir þeirri áskorun til Alþingis að samþykkt verði ný frestun á **öllum** nauðungarsölum á heimilum fólks, meðan beðið er dóms Hæstaréttar í máli HH áður en núgildandi takmörkuð frestun rennur úr gildi 1. mars 2015.”

Styrkja má samtökin með frjálsum framlögum
Reikningsnúmer: 1110-05-250427
Kennitala: 520209-2120